

Árið 1992, fimmudaginn 12. nóvember var Kjaradómur settur að Kalkofnsvegi 1 í Reykjavík og haldinn af Jóni Finnssyni, Jónasi A. Aðalsteinssyni, Ólafi Nilssyni, Brynjólfvi Sigurðssyni og Jóni Þorsteinsyni.

Fyrir var tekið:

1. Að taka ákvörðun um kostnaðargreiðslur til alþingismanna.

Í lögum um þingfarararkaup 75/1980 er kveðið á um að þingmaður sem á lögheimili utan Reykjavíkur, en verður að hafa dvalarstað í Reykjavík eða grennd, eigi rétt á að fá greiddan húsnæðiskostnað vegna þingstarfa og enn fremur dvalarkostnað um þingtímann. Þá á alþingismaður rétt á fjárhæð til greiðslu kostnaðar við ferðalög í kjördæmi sínu og heimila lögin að greiðslurnar verði mismunandi eftir kjördæmum.

Lögin kveða á um að Kjaradómur úrskurði um greiðslur þessar við upphaf nýs þings ef verulegar breytinga verða á húsaleigu eða dvalarkostnaðir þingmanna. Síðasti úrskurður dómsins um kostnaðargreiðslur þingmanna er frá 1. október 1990. Ekki var talin ástæða til að gera breytinga á þessum greiðslum í október í fyrra.

Við úrskurði um kostnaðargreiðslur til þingmanna hefur Kjaradómur einkum stuðst við greiðslur akstursgjalds til opinberra starfsmanna og ferðakostnaðar innanlands, eins og þeir eru ákveðnir af Ferðakostnaðarnefnd. Húsnæðiskostnaður hefur tekið mið af breytingum húsaleiguvísitölu Hagstofu Íslands og töxtum veitufyrirtækja. Í ljósi þessa og með vísan til 2. og 4. greinar laga nr. 75/1980 er eftirfarandi úrskurður felldur.

1. Húsnæðiskostnaður verði 42.000 krónur á mánuði frá 1. október 1992.
2. Dvalarkostnaður um þingtímannar verði 1.700 krónur á dag frá 1. október 1992.
3. Dvalarkostnaður í kjördæmi verði 222.000 krónur frá 1. október 1992 m.v.
ársreiðslu.
4. Kostnaður við ferðalög í kjördæmi verði frá 1. október 1992:
Til þingmanna Reykjavíkur 18.000 krónur á mánuði.
Til þingmanna Reykjaness 24.000 krónur á mánuði.
Til þingmanna annarra kjördæma 31.000 krónur á mánuði.

Tólf finnssun
Síða 2. 12. 1992. *Ólafur Þórðar*
Brynjólfur Sigurðsson *Jón Þorsteinsson*